

## **Framboð Guðlaugs Þórs til varaformanns**

Smáfuglarnir sem hvíla sig á trjágreinum nálægt heilbrigðisráðuneytinu hafa undanfarið velt því fyrir sér hvað hafi orðið af hinum skelegga heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarssyni, sem var áberandi í fjölmiðlum og allri umræðu allt fram til þess að ósköpin dundu yfir í efnahagsmálum. Guðlaugur Þór, hefur að mestu haldið sig til hlés, fyrir utan að mæta Ögmundi Jónassyni á fremur fámennum kappræðufundi og í viðtal um forvarnir á Bylgjunni.

Fuglarnir hvísla að Guðlaugur Þór hafi dregið sig úr sviðsljósinu samkvæmt ráðleggingum sinna helstu ráðgjafa og herforingja. Þannig á að gæta að því að ímynd ráðherrans skaðist ekki vegna bankahrunsins og þeim pólitísku átökum sem átt hafa sér stað síðustu vikur. Markmiðið er að tryggja að Guðlaugur Þór geti mætt á landsfund Sjálfstæðisflokksins í lok janúar næstkomandi sem „óspjallaður“ forystumaður sem er tilbúinn til nýrra verka og axla aukna ábyrgð. Stuðningsmenn Guðlaugs Þórs eru sannfærðir um að á landsfundinum verði hávær krafa um breytingar á forystu flokksins þó enginn reikni með öðru en að staða Geirs H. Haarde sé trygg. Öðru máli gegni um Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og varaformann flokksins.

Herráð Guðlaugs Þór telur stöðu varaformannsins veika og því sé lag fyrir heilbrigðisráðherra að láta til skarar skriða og sækjast eftir embættinu. Þá er aðeins eitt skref eftir í stól formanns, en að því hefur Guðlaugur Þór stefnt lengi. Hernaðaráætlunin er því að mótast þó smáfuglanir telji að endanleg ákvörðun um framboð verði ekki tekin fyrr en nær dregur fundinum.